

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 6. maí 2015 í máli nr. E-3693/2014:

Óskar Karl Guðmundsson

(Sjálfur ólöglerður)

gegn

íslenska ríkinu

(Soffía Jónsdóttir hrl.)

I.

Mál þetta sem tekið var til úrskurðar 10. apríl 2015, er höfðað af Óskari Karli Guðmundssyni, Hofgörðum 2, Seltjarnarnesi á hendur íslenska ríkinu.

Stefnandi kveðst höfða málið „til ógildingar á úrskurði skattstjórans í Reykjanesumdæmi nú RSK dags. 9. júní 2009 um endurákvörðun opinberra gjalda rekstrarárin 2003, 2004, 2005, 2006, 2007, úrskurðum skattstjórans í Reykjanesumdæmi 25. maí 2004 og yfirskattnefnd 4. maí 2005 og vegna verðmæta af aflahlutdeildum sem féllu niður fiskveiðirárið 2004 til 2005 **sem eiga að** færast á rekstrarkostnað. Þetta er samkv tölulíðum 1-9.

Dómkröfur:

[...] að breytingar á rekstrarárum 2003, 2004, 2005, 2006 og 2007 þar sem allt löglegt endurmat var fellt niður, eftir leiðréttingu bréfs 8. apríl 2009, samkv. tölulíðum 1-8 **kr. 10.937.004**

- | | |
|---|-----|
| 1. Árið 2003 var kostnaður lækkaður + álag + vsk og vextir
354.689 | kr. |
| 2. Árið 2003 löglegt endurmat fellt niður + 25% álag
881.416 | kr. |
| 3. Árið 2004 löglegt endurmat fellt niður + 25% álag
1.987.796 | kr. |

4. Árið 2005 löglegt endurmat felld niður + 25% álag 2.125.238		kr.
5. Árið 2006 löglegt endurmat felld niður + 25% álag 2.895.227		kr.
6. Árið 2007 löglegt endurmat felld niður + 25% álag 2.072.931		kr.
7. Vegna tvísköttunar 2007 á úrskurðum: 2004 og 2005 + 25% álag 553.394		kr.
8. Vextir á keypta kröfu		kr. 66.313
	Samtals	kr.
10.937.004		

9. Þá er þess krafist að aflahlutdeildir sem felldar voru niður fiskveiðiárið 2004 til 2005, færist á rekstrarkostnað hjá stefnanda skv. 31. gr. sérreglu skattalagana og með lagastoð í lögum nr. 74/2004 að verðmæti kr. 5.656.967

Stefnandi sem rekur málið á kt. 120849-7869, krefst þess að fá greiddan málskostnað úr hendi stefnda og krefst dráttarvaxta Seðlabankans á málskostnað 16 daga eftir hverja greiðslu.

Krafist er dráttarvaxta á peningalega kröfu úr hendi stefnda frá 1. ágúst 2009 til 23. maí 2014 og frá 24. sep. 2014, skv. 6. gr. lög nr. 38/2001 og með síðari breytingum. Varakrafa er að málskostnaður falli niður.“

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi, en til vara er krafist sýknu af dómkröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnanda um formhlið málsins eru þær að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað.

Þann 10. apríl sl., fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda í samræmi við 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

II.

Málsatvik

Með úrskurði skattstjóra Reykjanesumdæmis, dags. 9. júní 2009, voru opinber gjöld stefnanda og eiginkonu hans endurákvörðuð vegna gjaldáranna 2004, 2005, 2006, 2007 og 2008. Með úrskurðinum voru gerðar ýmsar breytingar á

rekstrarframtölum stefnanda, m.a. voru fyrningar lækkaðar, hækkar á bókfærðu verði eigna felldar niður og rekstrarkostnaður lækkaður. Þá var virðisaukaskattur endurákvarðaður. Þann 16. júlí 2009 greiddi stefnandi hin endurákvörðuðu gjöld í samræmi við úrskurðinn. Samkvæmt gögnum málsins virðist stefnandi ekki hafa kært úrskurð skattstjóra til yfirskattanefndar.

Með úrskurði, dags. 25. maí 2004, endurákvarðaði skattstjórinn í Reykjanesumdæmi opinber gjöld stefnanda gjaldárið 2003. Með úrskurðinum var stefnanda færður til tekna söluhagnaður vegna sölu aflahlutdeildar, sem myndaðist á árinu 2000 og frestað hafði verið að skattleggja samkvæmt þágildandi heimild í 6. mgr. 14. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt. Yfirskattanefnd staðfesti þann úrskurð 4. maí 2005 með þeim rökum að skilyrðum 6. mgr. 14. gr. laga nr. 75/1981, sbr. nú 6. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003 um endurfjárfestingu hefði ekki verið fullnægt varðandi grásleppuleyfi sem stefnandi keypti á árinu 1996.

III.

Málsástæður aðila

Stefnandi virðist reisa efnislegar kröfur sínar m.a. á því að skattstjóri hafi án heimilda í lögum lækkað rekstrarkostnað hans rekstrarárið 2003. Skattstjóri hafi fellt niður lögmeitt endurmat á Sigrúnu RE rekstrarárin 2003-2007 með vísan í frumlög 50. og 51. gr. laga nr. 133/2001, 23. og 25. gr. laga nr. 144/1994, staðal IAS16 og reglur RSK. Þá hafi skattstjóri tvískattlagt tekjur rekstrarárið 2007 með því að taka til umfjöllunar að nýju mál frá 25. maí 2004 með endurákvörðun gjalda á söluhagnaði rekstrarárið 2002 og úrskurði yfirskattanefndar 4. maí 2005. Þá telur stefnandi að skattstjóri hafi með því að fella niður gjaldfærða aflahlutdeild í þorski, ýsu og ufsa fiskveiðiárið 2004-2005, að verðmæti 5.656.967 krónur, „brotið gegn sérreglu 3. hluta 3. mgr. 38. gr. laga nr. 90/2003 sem réttþærri en almenn lög nr. 2003 og með lagastoð í lögum nr. 74/2004 (skýringar í dómskjal nr. 5 bls. 1)“.

Stefndi telur kröfugerð stefnanda svo óljósa og málatilbúnað hans svo vanreifaðan að varði frávísun málsins frá dómi, sbr. d-, e-, f- og g-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Telur stefndi að málavaxtalýsingu skorti í stefnu og erfitt sé að henda reiður á málsástæðum og lagarökum sem stefnandi byggir dómkröfur sínar á og samhengi þeirra. Vísað sé á rangan og ófullnægjandi hátt til lagaákvæða án rökstuðnings. Því sé erfitt að átta sig á málatilbúnaði stefnanda og taka með viðhlítandi hætti til varna. Þá sé engin krafa gerð á hendur stefnda, utan kröfu um málskostnað og dráttarvexti. Kröfugerð í stefnu sé ódómtæk. Stefnandi hafi ekki lokið við að orða dómkröfur sínar.

Samkvæmt d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 skuli greina í stefnu svo glögg sem verða má dómkröfur stefnanda. Kröfugerð stefnanda sé óskiljanleg og stefnda því ekki ljóst hvers sé krafist af honum. Í tölulíðum 1-8 í dómkröfum stefnanda séu ýmsar staðhæfingar stefnanda um breytingar sem gerðar hafi verið á skattframtölum hans rekstrarárin 2003-2007 auk vaxta á keypta kröfu. Virðist sem um sé að ræða málsástæður til stuðnings hinni ónýtu kröfugerð. Þá uppfylli 9. tölulíður kröfugerðar í stefnu ekki þá almennu leiðbeiningarreglu 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 að vera svo ákveðin og ljós að unnt sé að taka hana óbreytta sem

ályktunarorð í dómsniðurstöðu í máli, ef efnisleg skilyrði eru á annað borð fyrir þeim málalokum. Þá telur stefndi að dómstóla bresti vald til að leggja dóm á þessa kröfu og beri að vísa henni frá, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991. Þá séu dómkröfur stefnanda um greiðslu málskostnaðar vanreifaðar.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið. Hann telur dómkröfur sínar skýrar og hafnar öllum málsástæðum stefnda. Dómkröfur séu útskýrðar í dómskjöllum sem stefnandi hafi lagt fram og að þar komi fram allar nánari skýringar á kröfugerð hans.

IV.

Í d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er mælt fyrir um dómkröfur. Þar segir að í stefnu skuli greina svo glögggt sem verða má dómkröfur stefnanda, svo sem fjárhæð kröfu í krónum, vexti ef því er að skipta, viðurkenningu á tilteknum réttindum, ákvörðun á eða lausn undan tiltekinni skyldu, málskostnað o.fl. Samkvæmt e-lið 1. mgr. 80. gr. sömu laga skal í stefnu greina glögggt málsástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst og í f-lið ákvæðisins er áskilið að stefnandi geri grein fyrir helstu lagasjónarmiðum sem liggja til grundvallar kröfu hans.

Í stefnu er að óverulegu leyti gerð grein fyrir því hvaða atvik valdi því að fella beri úr gildi breytingar þær sem skattstjóri Reykjanesumdæmis gerði á skattframtölum stefnanda, með úrskurði upp kveðnum þann 9. júní 2009. Hið sama er að segja um úrskurð skattstjóra, dags. 25. maí 2004, sem staðfestur var með úrskurði yfirskattanefndar frá 4. maí 2005. Enn fremur er óljóst og jafnvel útilokað að greina á hvaða lagarökum stefnandi byggir málsókn sína á. Þess í stað er í stefnunni vísað vítt og breitt til hinna ýmsu lagaákvæða án nánari rökstuðnings.

Dómkröfur stefnanda eru þær að breytingar sem skattstjóri Reykjanesumdæmis gerði á skattframtölum stefnanda rekstrarárin 2003-2007 vegna endurmats eigna og lækkunar rekstrarkostnaðar, m.a. vegna gjaldfærslu aflahlutdeildar, verði felldar úr gildi. Ekki er gerð sérstök endurgreiðslukrafa, en á hinn bóginn er krafist dráttarvaxta á greiddan málskostnað 16 daga eftir hverja greiðslu og dráttarvaxta á peningalega kröfu eins og það er orðað. Er dómkrafan greind í níu liði. Undir kaflanum „Helstu málsástæður og lagarök stefnanda“ er nánari útlistun að finna á dómkröfufliðunum níu og til nánari skýringar vísað til dómskjala nr. 2-6. Dómskjal nr. 2 (12. bls.) eru útreikningar stefnanda til skýringar á dómkröfum ásamt greiðslukvittunum ríkisskattstjóra, skattbreytingarseðlum sem tilheyra syni stefnanda o.fl. Dómskjal nr. 3 (18. bls.) virðist vera lýsing á rekstrarkostnaði sem skattstjóri hafnaði auk margvíslegra kvittana sem stefnandi leggur til grundvallar kostnaðinum. Dómskjal nr. 4 (32 bls.) hefur m.a. að geyma eignaskrár RSK 4.01 ásamt útprintunum úr efnahags- og rekstrarreikningum með skattframtölum stefnanda 2003 -2007. Í dómskjali nr. 5 (8. bls.) eru m.a. tilkynningar fiskistofu 2003-2004 um aflahlutdeild og aflamark ásamt skriflegum skýringum stefnanda á dómkröfuflið 9. Undir dómskjali 6 (15 bls.) eru ýmis gögn m.a. frá Siglingastofnun, Híbýli og skipum, Kvótamiðlun o.fl.

Í stefnu skortir verulega á skýringar og tölulegan samanburð á dómkröfum stefnanda með hliðsjón af endurákvörðun skattstjóra Reykjanesumdæmis og innsendum skattframtölum stefnanda 2004-2008, auk þess sem rökstuðning fyrir dómkröfunum er þar ekki að finna. Þá veita greind dómskjöl ekki frekari fræðslu um hvernig greindir útreikningar byggja undir dómkröfur stefnanda. Þá er í kröfulið 9 blandað saman málsástæðum og dómkröfum með þeim hætti að fer í bága við d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Afleiðingar af framangreindu eru þær að kröfur stefnanda eru óskýrar svo og þær málsástæður og þau lagarök sem hann byggir á.

Í heild telst því málatilbúnaður stefnanda í andstöðu við reglur einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað og þau nánari ákvæði 80. gr. laga nr. 91/1991 sem getið er hér að framan. Með vísan til framangreinds telur dómurinn að svo verulegir annmarkar séu á málatilbúnaði stefnanda að vísa beri málinu frá dómi.

Samkvæmt 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 er stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 krónur.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kröfum stefnanda, Óskars Karls Guðmundssonar, á hendur stefnda, íslenska ríkinu, er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)